

**Nr. 040 / 09 Skemmtibátur****Vélarbilun og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. óskráður  
Smíðaður: 1975 plast  
Stærð: brl. bt.  
Mesta lengd: Skráð lengd:  
Breidd: Dýpt:  
Vél: Johnson utanborðsmótor 37 kW  
Fjöldi skipverja: 2

**Gögn:**  
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 8. júní 2009 af Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 25. apríl 2009 var skemmtibátur á ferðinni í Garðsjó. Veður: S 6 m/s

Bátsverjar höfðu stöðvað mótorinn en gátu ekki gangsett hann aftur vegna rafmagnsleysis. Þeir óskuðu eftir aðstoð og kom nærstaddur bátur, Dísá GK 136, til þeirra og gaf þeim rafmagn. Skemmtibátinum var síðan siglt áleiðis til hafnar en þegar þeir voru komnir inn á Stakksfjörð brotnaði leggurinn á drifi mótorsins og var Dísá GK þá fengin til að draga bátinn til Njarðvíkur.

**Við rannsókn kom fram:**

- að mótorinn var u.þ.b. 35 ára gamall en ekki mikið keyrður að sögn eiganda. Hann var nýbúinn að eignast bátinn og var að prufukeyra hann;
- að eigandinn hafði verið í vandræðum með að setja mótorinn í afturá og fengið aðila til að skoða það áður en hann lagði í ferðina. Í ljós kom að pinni stóð á sér, bolta vantaði í lok og annar bolti brotinn í mjórri hluta hlífar á leggnum. Hann var ekki viss um að þetta tengdist atvikinu.

**Nefndarálit:**

Nefndin ályktar ekki í málinu.